



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 56. TÍM. 12. ÁRG. SEPTEMBER 1989



Tilgangur lífsins er sá, að koma hinni líflausu náttúru undir yfirráð æðra afls en áður.

Helgi Pjeturss

Ingvar Agnarsson:

Mars, séður frá ytra tungli hans

(Sjá forsiðumynd)

Listamaður sá, sem gert hefur þessa mynd af Mars, hugsar sér, að hann standi á Deimos, ytra tungli Mars, og horfi þaðan á reikistjörnuna sem hálf er uppljómuð af skini sólarinnar. Innra tunglið, Phobos, sést bera við neðri hlutann á Mars. Efst á myndinni sést syðra heimskautið, þakið ísi eða snjó. Nokkrir gígar eru áberandi nálægt mótum dags og nætur, en mest ber þar á hinu mikla eldfjalli Olympus Mons, sem er um 25 km á hæð, upp frá flatlendinu í kring.

(Challenge of the Stars)

Marstunglin tvö

Marstunglin eru svo smá að þau voru ekki uppgötvuð fyrr en 1877. Það var Ameríkumaðurinn Asaph Hall, sem fyrstur fann þau.

Meðalfjarlægð Phobos frá miðkjarna Mars er aðeins 9.334 km eða 5.955 km frá yfirborði hans. En Deimos, ytra tunglið gengur í 23.496 km fjarlægð frá miðju Mars eða 20.116 km frá yfirborði reiki-

Framhald á bls. 5

Fylgt úr hlaði

Hér getur að líta fyrsta hefti tímaritsins **Lífgeisla**, sem nú kemur út í beinu framhaldi þess, sem áður var. En um ellefu ára skeið, frá 1975 til og með 1985, komu út af ritinu 55 hefti samtals, eða 5 hefti á ári hverju. Útgáfan hefur því fallið niður að fullu um þriggja ára bil, og harma aðstandendur ritsins þá eyðu, sem orðið hefur. Orsakir þessa voru ýmsar og í raun óyffirstíganlegar á þessum árum og mun ég ekki nú rekja ástæður þess. Hitt er aftur á móti gleðiefni að aftur rofar nú til í þessu efni fyrir atbeina óvæntra og nýrra stuðningsmanna. Vonumst við eftir að framhald geti orðið á þessari nýju tilraun til framhalds á útgáfu þessa rits, sem gæti orðið veigamikill tengiliður allra þeirra, sem um sambandsmál hugsa.

Við sem kynnst höfum lífssambandsmálum á grunni ný-alskra fræða, þeirra sem Dr. Helgi Pjeturss var upphafsmaður að, teljum réttan skilning á eðli lífs og heims, undirstöðu þess, að unnt verði að breyta um stefnu á jörðu okkar frá hinni illu verðandi, sem um of er ráðandi, yfir til hinnar réttu og góðu, en það mun einmitt vera stefna hinna lengra komnu íbúa tilverunnar.

Samkvæmt skilningi Nýalsinna eru stjórnur geimsins heimkynni alls lífs í alheimi á sama hátt og jörðin er heimkynni okkar jarðarbúa: manna, dýra og jurta.

Dr. Helgi Pjeturss (f. 31. mars 1872, d. 29. janúar 1949) var upphafsmaður og brautryðjandi hinnar nýju kenningar um sambandseðli lífsins í alheimi. Aðalrit hans um þessi fræði eru þau, sem hann nefndi einu nafni Nýala. Þau eru Nýall, Ennýall, Framnýall, Samnýall, Viðnýall og Þónýall og komu þau út á árunum 1919 til 1947 og síðari heildarútgáfa þessara rita árið 1955.

Á undan upphafsritgerð Nýals standa þessi merkisorð hinnar nýju heimsmyndar:

”Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum. Þessi hugsun sem segja má með svo fáum orðum, verður upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins, en orðið hafa um allar aldir áður”.

Hér er í raun í fáum orðum að finna undirstöðuatriði kenningar hans og uppgötvun á lífssamböndum þeim, sem miðað gætu til mannlífisbóta, en undir þau fræði fellur m.a. náttúrufræðilegur skilningur á fjarhrifum hverskonar, svo sem draumum, miðilssamböndum, fjarskynjunum vakandi manna, skyggni, huldufólki, hamförum og yfirleitt öllu því, sem hingað til hefur verið talið dulræns eðlis, en reynist í raun náttúrufræðileg fyrirbæri, þegar tekst að bregða ljósi vísindalegs skilnings á þau svið tilverunnar, sem allt til þessa hafa, af ýmsum, verið talin lítt eða ekki möguleg til rannsóknar.

Frá upphafi stofnunar Félags Nýalssinna, 1950, hefur það verið aðalmarkmið aðstandenda þess að efla og útbreiða hinn nýja heimsskilning á eðli tilverunnar, en tilgangurinn er að efla lífssambönd til umbóta á jarðlífi, en þar er, að okkar hyggju, um að ræða fjarsambönd við lengra komna lífendur í öðrum stöðum alheims. Til kynningar á þessum málum hefur Félag Nýalssinna haldið uppi miðilsfundum, útgáfu ýmissa rita, kynningu í skólum bæði í Reykjavík og víðar, birtingu greina í blöðum og tímaritum o.fl.

Við, sem stöndum að útgáfu Lífgeisla, vonumst eftir að þeim verði vel tekið svo sem áður, og munum leggja okkur fram um, að þeir verði sem best úr garði gerðir hvað efni og útlit snertir. Að hinu leytinu ber ritstjórnin fyrir hönd Félags Nýalssinna, fulla ábyrgð á öllu efni ritsins.

Það er von okkar, að velunnarar ritsins sendi Lífgeislum til birtingar eitt og annað efni, sem þeir kunna að eiga í förum sínum og stutt gæti þann málstað, sem hér er um að ræða. Nefna mætti: Drauma, sögur um huldufólk og sitt-

hvað annað "dulrænt", fljúgandi diska, ljóð, hugleiðingar og greinar.

Vonumst við svo eftir, að Lífgeislar megi í komandi framtíð verða einhverjum gleðigjafi og glæði í brjóstum von um bjartari framtíð lífinu til handa á jörðu okkar, og einnig hvatning til dáða, í sókn að miklu marki.


*F.h. Félags Nýalssinna og ritstjórnar Lífgeisla,
Ingvar Agnarsson.*

Marstunglin tvö


Framhald af bls. 2

stjörnunnar. Umferðartími Phobos er 7 klst. og 39 mín. en Deimos 30 klst. og 18 mín.

Mars snýst um sjálfan sig á 24 klst. og 37 mín.



Challenge of the Stars.



Helgi Pjeturss:

Brúin yfir dauðans djúp

I.

Þegar margir koma saman til að minnast framliðinna, þá leiðir af því oftlega, að þeir sem dánir eru, fara að sjá hingað til jarðarinnar og geta orðið sjónarvottar að sinni eigin útför. Þeir sjá í huga sínum, líkt og lóan, þegar henni birtist suður í löndum, að vorið er komið hér heima á Íslandi. Að því er haft er eftir framliðnum, og mark virðist takandi á, þá er það mjög vanalegt, að þeir sem dáið hafa og komnir eru að raun um að þeir eru lifandi þrátt fyrir það, sárþrá að geta látið eftirlifendur sína vita af sér og hryggjast mjög þegar það tekst ekki. En það er sjaldnast, og aldrei nema ófullkomlega, hjá því sem vera þyrfti. Því að, eins og varla þarf að taka fram, er hin mesta nauðsyn á því að brúa dauðans djúp, enda gæti svo orðið. En þó ekki með neinu móti, fyr en undirstöðuhugmyndirnar um þessi efni eru komnar í rétt horf. En á því eru erfiðleikar sem nálega virðast ósigrandi, og hefir þó hin forna trúarjátning rétt fyrir sér í aðalatriði, þar sem hún talar um upprisu holdsins. Vitanlega verður þó úr þessu vitleysa, þegar kennt er að grafirnar opnast o.s.frv., og ekki fyr en seint og síðar meir. Hér þarf náttúrufræðin að koma til og kenna mönnum að skilja hvernig þessi neisti frá „hinum æðsta” — eins og hinn ágæti Markús Árelíus kallar það — sem svo mjög hefir kafist í baráttunni við að koma efninu áleiðis til fullkomunar, skapar sér nýjan líkama á einhverri annarri jörð, þegar hann verður að gefast upp á þessari. Þegar allur almenn-ingur er farinn að vita þetta, þá verður djúp dauðans brúað. En þar næst verður sjálfur dauðinn sigraður og farið héðan af jörðu á aðrar jarðstjörnur, án þess að deyja, þegar þeim þroska er náð sem til þess þarf.

II.

Það hefir reynst býsna torsótt, að fá menn til að gefa þessum höfuðsannindum nokkurn gaum, hvað þá til að láta sér skiljast, að ég fer ekki með neina markleysu, þegar ég segi að ég viti þetta með vissu. Þegar komið er á hinn rétta sjónarhól, þá eru þetta einföld undirstöduatriði, sem alveg má ganga úr skugga um.

Það eru nú orðin 15 ár frá því er ég fékk fyrst prentaða grein í tímaritinu Light, sem víða kemur um lönd, og hefir allmargt komið þar eftir mig síðan, hið síðasta sem ég hef séð, 20. okt. s.l. hefir stundum verið felld úr þessum greinum mínum bagalega. Þá aðferð hefi ég haft, að sýna fram á, hversu þrálátlega framliðnir eru að reyna til að halda því fram, að þeir hafi líkama af holdi og blóði, og er með því auðvitað einnig sagt, að þeir eiga heima á einhverri jarðstjörnu. En þrátt fyrir það, þó að verið sé að benda mönnum á þetta, þá lýsa þeir því yfir, aftur og aftur, sem undirstöðusannfæringu sinni, að framliðnir hafi ekki efnislíkama og eigi heima á einhverju óskiljanlegu andasviði. Með þessu er ekki einungis komið í veg fyrir, að sambandið við framliðna geti komist í það horf sem vera þarf, heldur einnig með öllu fyrir það girt, að skilja tilgang lífsins. En hann er, í sem fæstum orðum, sá, að leggja svo algerlega undir sig efnisheiminn og alla hans möguleika, að efnið verði fullkominn bústaður og verkfæri andans.


III.

Það sem ríður á að láta sér skiljast án allra efasemda, er að framliðnir eru ekki andar fremur en vér erum það hér á jörðu. Það sem fyrir liggur eftir dauðann er að halda áfram því sem vel stefndi hér, verða sterkari, fríðari, vitrari, lifa fullkomnara samlífi við sína nánustu og aðra. En ekki ber að leyna því að hættur eru á leiðinni ef ekki hefir hér verið vel stefnt, og einkum ef menn hafa beinlínis skemmt sér við að fótumtroða sannleikann og gera öðrum illt. Slíkt fólk lendir í mannfélögum þar sem eru eintómir ópokkar og verður í slíkum stöðum margt til tíðinda sem er ennþá miklu

ferlegra en dæmi eru til hér á jörðu. Og af ófullkominni vitneskju sem menn hafa um þetta fengið, er sprottin trúin á helvíti. Er þar mikið verkefni og erfitt fyrir hinar góðu verur alheimsins, að afmá Vítin og bjarga þeim sem þar eru. Eru í því skyni gerðir út leiðangrar, miklir og stórkostlegir, frá heimum ljóssins til myrkheimanna. Má af því sem um þetta hefir verið sagt, þó að lítið sé og óljóst, glöggt skilja, að þar mun vera efni í hinar furðulegustu frásagnir.

15. nóv. 1938. Helgi Pjeturss (*Lesbók Morgunblaðsins*)

Tunglgígar



Mjög er tunglið sundurgrafið af gígum, stórum og smáum og eru fáir blettir án slíkra ummerkja. Talið er að þeir séu flestir myndaðir af loftsteinum er fallið hafa á yfirborð tunglsins frá örófi alda.

I. A.

Látnir Nýalssinnar

Eggert Loftsson

”Þau falla nú hin fornu tré” var það fyrsta, sem mér kom í hug, þegar ég frétti lát Eggerts Loftssonar, starfsmanns hjá Flugleiðum lengi, en þó umfram allt Vestur-Skaftfellings, vatnamanns, skemmtilegs manns, undramanns, og hvað haldið þið, Nýalssinna og vinar míns. Ég ætla, að margir hafi munað hann, og muni enn, sem mikinn vatnamann, meðan ár voru óbrúaðar, og ferðir yfir ”vötn” enginn barnaleikur.

Eitt hið fyrsta, sem ég man eftir um Eggert, var á fundi einhverntíma um 1955. Hafði verið rætt um sambandseðli drauma og reyndum við félagar að skýra frá því, hver fyrir sig, hverjum skilningi skildi. Bar mönnum í höfuðdráttum saman, nema Eggerti, sem hélt fram sérskoðun. Var ég í hópi þeirra sem meirihlutann mynduðu, hvað þetta snerti. En þegar staðið var upp, vék hann sér að mér og sagði: ”Skilurðu þetta ekki Þorsteinn?” — Það var mikil einlægni í því ávarpi. Og þegar ég hlýddi betur til, þóttist ég skilja, að þarna væri hann að vísa til draumreynslu, sem heldur óvenjuleg er, en engu að síður raunveruleg, og skýranleg út frá hinni sömu undirstöðu sem við byggðum þarna á.

Eggert var fæddur árið 1906 og því nær 83 ára, þegar hann lést. Af þeim tíma hafði hann verið í Félagi Nýalssinna í 38 ár. Milli 1970 og 1980 og eitthvað þar fram yfir var hann einn af miðlum félagsins, og hafði hann örvandi áhrif á fundina. Einhverjir kunna að hafa haldið, að þetta væri eitt-hvert sprell eða duttlungar úr honum sjálfum: til dæmis þegar hann var að koma með gömlu karlana og kerlingarnar, úr sveitum lands, búin eins og þau höfðu verið á sinni tíð, ríðandi á sömu hestunum, með sama gamla landslagið fyrir augum og fleira í þeim dúr. En þegar ég gætti að, virtist mér vera um minningatengsl hinna framliðnu að ræða, við

liðna atburði frumlífsins, og skal nú ekki orðlengt um slíkt í minningargrein. Ég varð aldrei annars var en að Eggert gæfi sig að miðilsstarfinu með fullum heilindum.

”Ég er fæddur í Kúðafljóti”, sagði Eggert við mig einu sinni, og vissi ég þá ekki, hvert hann ætlaði með mig — varð það helst fyrir að hugsa mér konu vera að eiga barn úti í miðju fljóti, helst undir vatnsborðinu. En þetta var skaftfellsk málvenja um bæinn á milli kvísla, Sanda, þar sem Eggert var fæddur. Hann hafði gaman af að koma mönnum á óvart, stundaði það beinlínis og tókst oft vel. Alltaf var nóg um að hugsa í návist hans — margt var honum tiltækt úr íslenskri sögu og bókmenntum — og þegar hann vitnaði í slíkt þá var það alltaf á einhvern óvæntan, persónulegan hátt, sem lífgaði og gladdi. Eggert var velviljaður maður, hugmikill, hress og kátur löngum. Hann þorði að segja hvað honum bjó í hug, og fleira en það sem ”allir eru sammála um”.

Eggert kvongaðist ungur, en sú kona dó löngu á undan honum. Með henni átti hann son, Matthías, nú ritstjóri búnaðarblaðsins Freys, kvæntur Margréti Guðmundsdóttur frá Sámstöðum, og eiga þau þrjú börn; og dóttur, Guðbjörgu, sem gift er Kristjáni Aðalbjörnssyni, viðskiptafræðingi og eiga fjögur börn. Sambýliskona Eggerts um mörg ár var Málfríður Sigfúsdóttir.

Nú er Eggert Loftsson horfinn sjónum okkar, sem búsettir erum á einum af hinum minnstu og þrengstu útjöðrum stjörnubyggðarinnar, þeirrar sem býsna víðlend er og gefur rúm mörgum vistarverum. Fylgja honum kveðjur okkar hjóna á Rauðalæk 14 og þakkir fyrir skemmtilega samfylgd og góða hlutdeild í merkilegu starfi.

Þorsteinn Guðjónsson

Guðmundur Jónsson

Kópsvatni

Fæddur 2. apríl 1930

Dáinn 19. janúar 1989

*Viskuvinur
til veraldar æðri
horfinn ert héðan á braut.
Studdir þú kraftinn
sterka, milda,
meðan entist orka.*

*Bilbug ei sýndir
þótt blési á móti,
en stefndir að miklu marki:
Orkan að ofan
- æðst í heimi -
skyldi hér brjóta sér braut.*

*Ómetanlegt
á ýmsar lundir
reyndist þitt starf í stríði.
Aut er nú það rúm
er þú áður fylltir.
Vandfyllt verður það skarð.*

*Fluttur nú ertu
til fegurri hnattar
í samstilltra vina sveit.
Til framfara mun liggja
framíð björt
á því ljósa landi.*

*Minnist ég margra
merkra stunda,
þótt horfinn sértu héðan.
Vil ég þér votta
- vinur trausti -
þakkir með kærri kveðju.*

Ingvar Agnarsson

(Litur 25. 01.1989, 586)

Guðmundur Jónsson

Guðmundur Jónsson á Kópavatni (f. 1930) lést 19. jan. 1989 og var þá ekki fullra 59 ára. Nokkrar minningargreinar birtust í blöðum við útför hans, en vegna þess starfs sem hann innti af hendi í félagi Nýalssinna, er skylt að fara nokkrum orðum um hann hér sérstaklega. Hann gekk í félagið líklega sama ár og það var stofnað, og þó að áhugamál hans væru mörg og merk, vanrækti hann ekki þetta mál, enda var náttúrufræðiáhugi hans nægileg trygging þess, að hann villtist ekki út í ónáttúrufræðilegar kenningar. Hann kom stundum á fundi félagsins 1951-70, einnig heyrðist frá honum um málefni þess í félagsblaðinu og annarsstaðar. Eftir 1970 gætti áhrifa hans í vaxandi mæli innan félags og jafnan til góðs. Gjaldkerastarfi gegndi hann mörg síðastliðin ár og öðrum stjórnarstörfum áður. Þess ber að geta hér, að hann átti manna mestan þátt í því að skipti Félags Nýalssinna við hið síðar stofnaða Félag áhugamanna um stjörnulíffræði fóru svo skipulega og farsællega fram sem raun varð á.

Guðmundur var gætinn maður, og hafði lag á að skoða hvert mál frá mörgum sjónarhornum. Þegar hann sagði mér fyrirburðasögur - en hann sýndi mikla dómgreind við að velja þær - spurði hann mig einatt stillilega, hvernig ég vildi líta á þær eða skýra. Ég fann, að ég var knúinn til að vanda

12 LÍFGEISLAR

svar mitt, og var það aðhald mér síður en svo til ama. Ég held líka að hann hafi tekið töluvert mark á skýringum mínum, því annars hefði hann ekki haldið áfram að spyrja.

Þegar hann kom fyrst fram á miðilfundi eftir dauða sinn, hittist svo á að ég var viðstaddur. Hann kallaði til mín: "Þorsteinn! Þú hafðir rétt fyrir þér" Það sem hann átti við var þetta, sem ég var stundum að færa í tal, að viðleitni okkar, starf og hugrenningar hér á jörð, hefðu áhrif á öðrum frumlífsjörðum. — Mér fannst þetta mikil viðurkenning frá hinum gætna og gerhugula manni.

Guðmundur sagðist hafa sofið sólarhringum saman eftir að hann lést, en var nú að komast á skrið og hlakkaði mikið til þess lífs, sem framundan var. Furðulega og undursamlega hluti bar fyrir hann í þessum endurnýjunarsvefni, og fannst honum mikið um.

Útför Guðmundar var skörulega gerð, og héldu nokkrir Nýalssinnar austur til þess að vera við hana.

Minning þessa trausta stuðningsmanns málefnis okkar skal í heiðri höfð.

Þorsteinn Guðjónsson

Halldór Pjetursson, f. 1897, d. í júní 1989. Halldór er alveg nýlátinn, þegar þetta blað fer í vinnslu. Verður hans væntanlega minnst í næsta Lífgeislablaði.

P. G.

MYR


Spekiorð doktors Helga

Að rétta við hina arísku framsókn - að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf, það er hlutverk íslensku þjóðarinnar.

(Nýall bls. 439.)

LÍFGEISLAR 13

Ókunnur stjörnuhiminn



Útsýn til himins og stjarna frá jarðstjörnum annarra sólhverfa mun víða vera allmjög frábrugðin því, sem við jarðarbúar eigum að venjast, þrátt fyrir alla líkingu.

I. A.

Þorsteinn Guðjónsson

Um miðilsástand og miðilfund

Samband við framliðna er í augum margra, sem kynnst hafa því máli, svo sjálfsagður hlutur, að þeir gleyma því stundum, að til eru aðrir, sem lítið hafa hugleitt slík mál.

Saga miðiltírauna er óralöng orðin, og hefur þar margt komið fram, sem sýnir, að þar er um eitthvað raunverulegt að ræða. Guðríður Þorbjarnardóttir hélt miðilfund ásamt Þorbjörgu lítilvölvu fyrir vini sína á Grænlandi um árið 1005, en hún er ein frægasta kona, sem uppi hefur verið (fyrsta hvíta móðirin í Vesturheimi). Ýmislegt kom fram á þeim fundi sem menn töldu sanna að völvan hefði spádómsgáfu. Alkunna er, hvernig Hafsteinn Björnsson miðill hélt um langt skeið uppi merki Sálarrannsóknamanna (spíritista), og eru margir til vitnis um, að honum tókst í miðilsástandi að koma með staðreyndir frá framliðnum, sem óyggjandi voru. Fjöldi annarra miðla hefur sýnt athyglisverðan árangur, fyrr og síðar.

Fundirnir hjá Sveini Haraldssyni hafa um árabíl verið teknir upp á segulband, og eru þau í vörslu félagsmanns Nýalssinna. Síðan hafa segulböndin verið vandlega "hlustuð", orð fyrir orð, og vélritað eftir því á arkir, sem einnig eru varðveittar. Mikið safn er til, og úr því voru sýnishorn þau, sem birt voru í Lífgeislum áður en hlé varð á útkomu þeirra. Kom þar fram margvíslegur fróðleikur að handan og stundum boðskapur varðandi okkur hér. Er nú fyrirhugað að taka þennan þráð upp að nýju, enda hefur margt fróðlegt og athyglisvert komið fram af því tagi á síðustu árum.

Þeim, sem taka það að sér að birta efni miðilfunda (rit-

stjóri, ritstjórn), er dálítill vandi á höndum. Það er fyrst, að skýra hvað miðilssamband er, og eins hitt af hverju marka megi, að um samband sé að ræða. Starf Nýalssinna byggist á þeirri undirstöðu sem Dr. Helgi Pjeturss (1872-1949), lagði með æviverki sínu, en hann var, eins og kunnugt er, í fyrsta lagi náttúrufræðingur í víðtækasta skilningi, í öðru lagi heimspekingur og fornámálamaður, í þriðja lagi rithöfundur og íþróttamaður. Auk þessa lagði hann mikla stund á rannsókn dulrænna fyrirbæra, með þeim árangri, að hann taldi sig að lokum geta hætt að kalla þau dulræn, því að dulrænt er það eitt, sem maður hefur ekki náð að skilja, og því eru dulrænar skýringar sama sem engar skýringar.

Skýring dr. Helga á miðilsástandinu er nátengd skýringu hans á eðli drauma, en aðalatriði þeirrar skýringar er, að lífstarfsíleiðsla eigi sér stað (bioinduction), og að í hverjum draumi sé um draumgjafa að ræða. Draumgjafi er annars eðlis en "draum-maður" eftir fornri trú. Það sem spíritistar kalla stjórnanda miðilsins (control) er eftir skilningi Nýalssinna eins konar draumgjafi. Nýalssinnar hafna því með öllu að um anda sé að ræða, en líkamlegar verur á öðrum stjórnnum eru það, sem sambandið næst við.

Væri Nýalssinni spurður hvaða rök hann hafi fyrir því, að svo sé, þá hlýtur hann að spyrja á móti, frá hvaða sjónarmiði spurt sé. Einn spyr af því hann "vill heldur" að um andaheim sé að ræða, og við hann hlýtur rökræðan að verða almenns heimspekilegs eðlis. Til eru þeir, sem halda, að ekki "megi" sitja miðilsfundi, og við þá er ekkert að tala. Enn aðrir spyrja af því, að þeir efast um sambandið, sem þeim virðist e.t.v. of óöruggt og fátæklegt til að byggja á því svo mikla niðurstöðu. Um þetta er það að segja, að Nýalssinnar þeir, sem lengst og best hafa gefið sig að þessum málum, hafa ævinlega byggt sannfæringu sína á öðru meir en sambandstali miðlanna (einnig miðlarnir sjálfir!). Rannsókn dr. Helga Pjeturss á eðli svefns og drauma, sem Nýalssinnar hafa haldið áfram eftir aðferð hans, er það, sem gert hefur mönnum fullkomlega ljósan veruleikann í þessum efnum.

Þegar maður sofnar værum, djúpum svefni, er tvennt til

um drauma hans: að þeir verði óljósir, dimmir og ruglingslegir, mjög mótaðir af ríkjandi hugarfari; hinsvegar eru hinir björtu, skýru draumar, sem bera þess glöggan vott frá hverskonar umhverfi þeir berast.

Þegar miðill sofnar djúpum miðilssvefni (trans) er ástand hans alveg hið sama og venjulegs sofandi manns, að því undanteknu, að draumgjafinn hefur stjórn á talfærum hans (hennar) og getur á þann hátt borið fram boðskap sinn, meira eða minna greinilegan eftir atvikum. Þegar um hálf-svefn er að ræða, veit miðillinn af sér eða því sem næst; hefur þó lítil eða engin sjálfráð áhrif á það hvað talast. En oft er það meira og minna mótað af hugsanabrautum og minningum hans sjálfs fremur en í hinum djúpa miðilssvefni, sem þó er ekki að öllu leyti eftirsóknarverðari.

Jafnan verður að hafa í huga að miðilfundurinn er tilraun til að veita orkustreymi frá hinu æðra mannlífsstigi til hins lægra. Því betur sem jarðarmönnum tekst að koma til móts, því betri verður öll þessi viðleitni. Eitt af því sem framliðnum á framfarabraut verður tíðrætt um er sú mikla öryggiskennd, sem aldrei hverfur frá þeim; þó að erfiðleikar og fyrirhöfn séu þeim ekki úr sögunni, er framtíðin viss.

”Tungumál guðanna”, hafa sambandsvinir kallað íslensku í gegnum miðil sinn, og er það í samræmi við það, sem góðir Íslendingar hafa með stolti sagt um þessa tungu allt frá landnámstíð. Sá sem hér slær botninn í, getur sagt, að ekki hefði hann stundað fundi þessa lengi, ef málfar miðlanna hefði ekki verið vel íslenskt.

”Fyrir miðilsmunn” hefur Gunnar Hjörvar kallað það, sem birt hefur verið úr safni Nýalssinna um árabíl. Er það nafn vel valið og munu Lífgeislar halda sig við þá fyrirsögn hans.

(Með hljóðsjón af Framanrituðu vísast til kaflans Sambandstundir, her fyrir aftan, bls. 30 til 33.)


Ingvar Agnarsson:

Þrístirnið í Krabbamerki

Talið er að um það bil fjórða hver sólstjarna fari ein sér á göngu sinni um geiminn, eins og er um okkar sól. Annar fjórðungur stjarna er talinn til tvístirna en aðrar stjörnur fara fáeinar saman eða í hópum.

Myndin sýnir þrístirni í Krabbamerkinu, þar sem stærsta sólin er rauður stórrisi og sú næsta bláhvít. Þær ganga hver um aðra á 60 árum, en lengst til hægri má sjá gula sól, sem er mjög langt frá hinum tveim og gengur umhverfis þær báðar á 1.150 árum.

The Universe: Life Nature Library: 1962.



Ingvar Agnarsson:

Næturhiminn í kúlulaga stjörnuþyrpingu

Vetrarbraut okkar tilheyrir fjölmargar kúlulaga stjörnuþyrpingar sem ganga umhverfis hana og þungamiðju hennar. Flestar eru þær fjarlæggar okkar sólhverfi, þær nálægustu eru í um 20.000 ljósára fjarlægð; Þær mynda einkonar ytra hvel um vetrarbrautina og eru stundum kallaðar kóróna hennar. Flestar sólir kúlulaga stjörnuþyrpinga eru gamlar og tilheyrir stjörnubyggð II skv. skýrgreiningum stjörnufræðinga, svo að þær björtustu eru flestar stórrisar, sem þróast hafa brott frá meginröð og því lengra komnar í þróun en okkar sól.


Í kúlupyrpingunum standa sólirnar miklu þéttar eða nær hver annarri en víðast annarsstaðar í vetrarbrautinni. Að allri gerð eru þær sérstakur sólnasveimur með þéttum kjarna, en þynnast síðan og dreifast jafnt til allra átta.

Sumar kúlupyrpingar hafa innan sinna vébanda allt að 500.000 sólir, sem að birtumagni eru, hver um sig, álíka og okkar sól og þaðan af bjartari, auk mikils fjölda annarra, svo daufra, að ekki verða greindar hver út af fyrir sig.

Geta má nærri að slíkum óhemju sólnafjölda hlýtur að fylgja ótölulegur grúi jarðstjarna og þá má einnig telja alveg víst, að á mörgum þeirra sé líf að finna, og það meira að segja mannlíf og vitlíf sem mjög langt taki fram því lífi, sem við jarðarbúar þekkjum. Og hví skyldi þá ekki einnig finnast á einhverjum þessara jarðstjarna svo þroskað líf og máttugt, að guðlegt megi kallast, miðað við þær hugmyndir, sem við menn gerum okkur hæstar um guði og gyðjur.

Sumir draumar benda til þess, að samband hafi orðið við mann á einhverjum hnetti, þar sem himinn er mjög þéttsettur björtum stjörnum í ýmsum litbrigðum. Koma þá í hugann hinar þéttsettu, fagurljómandi kúlubrýngingar, því ekki þekkjum við önnur svæði himins, er betur samsvari slíkum stjörnu draumum.

En draumar munu ávallt stafa af fjarsambandi við aðra menn, sem stundum eru íbúar annarra stjarna.



Challenge of the Stars

Á meðfylgjandi mynd, sýnir listamaður okkur hugmynd sína, um útlit stjörnuhimins á einhverri jarðstjörnu í kúllaga stjörnuþyrpingu. Á slíkri reikistjörnu verður aldrei dimmt af nóttu á sama hátt og hér, því á himninum loga þar þúsundir sólstjarna, sumar eins bjartar og Sírius, er héðan að sjá, en fjölmargar einnig margfalt bjartari, auk þess sem tungl, eitt eða fleiri munu stundum lýsa þá hlið hnattarins sem frá sólu snýr. Heildarbirta næturhiminsins mun vera þýð og rauðleit í samræmi við litblæ flestra sólstjarnanna, sem skína á hvelfingunni.

Sá, sem teiknað hefur meðfylgjandi mynd, hugsar sér gufuhvolf þessarar ímynduðu reikistjörnu svo þykkt í sér, eða eðlisþungt, að léttar lífverur geti haldist í því og lifað í því. Hér höfum við því fátt til samanburðar, nema þá helst ýmsar lífverur sem svífa eða fljóta í sjónum á okkar hnetti. Hann hugsar sér blöðrulaga lífverur, fylltar súrefni og vegna léttleikans leita þær upp frá yfirborði jarðar eða sjávar og svífa loks lausar fyrir veðri og vindum. Þessi hugmynd er reyndar aðeins hugarórar, og getur þá ekki átt við annað en líf á mjög frumstæðu stigi, þar sem vitið vantar að mestu eða öllu leyti.

Horft til stjarna



Þorsteinn Guðjónsson:

Þú mikli guð

Þú mikli guð, sem milljarð lifðir ára
og milljarð ljósár slærð í einum skára:
einn geisli þinn um grímu kalda og svarta
greiddi sér þrönga leið að rót míns hjarta.

Þú bauðst mér heim að bjartra sólna skini
þar blessun lífs þíns göfgar himins syni.
Ég mátti skiljast við og vesöld hafna.
Vitandi skyldi' eg kostum saman jafna.

Ég skildi allt, en skyggndist um og þagði,
skugga og kulda yfir hug minn lagði:
Ef hyrfi' eg sæll að himnaljósi skæru,
hvað mundi verða um þá sem eftir væru?

Ég tók það ráð að rifta engum gríðum.
Reyna ég skyldi' að fylgja Jarðar síðum,
reyna að yrkja eftir Jarðar hætti,
efla fram vit og skyn með þínum mætti.

Því hvað er ein ævi í himins breiða skára?
Og hvað eru nokkrir tugir Jarðar-ára!

(U. í bókinni: Guðnir á Sniði.)

Einar Benediktsson:

Stjarnan

— Náttúran öll er svo köld og kyr
sem kirkja þögul, með auðum bekkjum.
Vindarnir læðast um ljósgeimsins dyr,
og landbáran sefur í klakahlekkjum.
Allt er svo hljótt. Það er heilagt í kvöld.
Nú hvilast öll lífsins öfl og völd.
En hugur minn glæðist af auðn þess ytra, —
í anda ég sé gegnum blámans tjöld,
finn strengina á heiðloftsins hörpum titra.

Nú bý ég í tindrandi himnahöll.
Til hafsbrúna er allt í logandi spili.
Nú glampa við opin gullportin öll,
og grafkyrrt hvert ský eins og málverk á þili.
Það glitrar á spegla um voga og völl, —
og vegghá sig reisa hvítmöttluð fjöll.
Gólfíð er íslagt og ofið með rósum,
en efst uppi í hvolfi, yfir svellum og mjöll,
er krónan — með milljón af kvikandi ljósum.

Hún ljómar og skín út á yzta álm
af eldum með blikandi gimsteinaliti;
einn brennur þó ríkast á röðlanna hjálm,
með rúbínsins loga, með smaragðsins gliti.
Þar tindrar þú, stjarnan mín, stolt og há, —
sterkasta ljósið, sem hvelfingin á!
— Ég elska þig, djásnið dýrðarbjarta,
demant á himinsins tignarbrá;
geisli af kærleik frá guðdómsins hjarta.

Hvað veldur, að þú ert ást mín ein
af öllum blómum í stjarnanna kransi?
Svo margt skín þó eplið á glitmeiðsins grein,
og gott er um sólbros í hnattanna dansi.
— Mín jarðneska hugsun, þitt himneska bál
hittust eitt kvöld eins og tinna við stál,
og síðan man ég þig, svipurinn fríði,
sé þig í draumi, við gleðinnar skál,
finnst allt, sem er fagurt, þér einni til þryði.

Um þig kveður aldan og andvarans sog,
þér ómar hvert ljóð, sem mitt hjarta á grafið,
til þín horfa loftsalsins þjótandi log,
til þín streymir sál mín, sem lindin í hafið.
Almáttka fegurð, hrein og há,
ég hneigi þér, ann þér með brennandi þrá.
Stjörnudjásnið mitt dýrðarbjarta,
demant á guðdómsins tignarbrá!
Ljós yfir dauðadjúpið svarta!

Steingrímur Baldvinsson:

Sigur og ósigur

Oft er tapið leið að sigri sönnum.
Sannleikurinn yfir veglaus klungur
borinn er af minnihlutamönnum
á meðan hann er vinafár og ungur.

Úr bókinni: Heiðmyrkur

Svif yfir fljóti

I.

Fyrir nokkrum vikum dreymdi mig draum nokkurn, sem er mér nokkuð hugstæður. Bæði fyrir hve glöggt ég mundi hann og eins fyrir það að mér leið mjög vel að mér fannst.

Ég var staddur við stórfljót nokkurt sem rann lygnt og tært um mjög fagurt land. Mér er minnisstætt hve allir litir, bæði á vatni, landi og fjöllum í fjarska, voru skærir og fagrir. Með mér við fljótið var nokkuð stór hópur fólks, sem ég ekki þekkti. Var það allt fullorðið og að mér fannst nýkomið á þessar slóðir. Var það klætt sparifatnaði, sem mér fannst vera frá um aldamótin síðustu. Konur báru skotthúfur. Vorum við á ferð niður með fljótinu og ferðuðumst á þann hátt að við héldum höndum í axlarhæð og svifum í loftinu. Virtist mér hugurinn einn stjórna fluginu. Fannst mér ég vera leiðsögumaður fólksins og um leið kennari þess í fluglistinni. Fór ég margar ferðir yfir fljótið bæði hátt og lágt og reyndi að fá fólkið til að fylgja mér en tókst ekki. Það var hrætt og fór rétt með yfirborði jarðar og ósköp hægt. Vildi það leita brúar neðar með ánni en ég gerði allt til að varna því.

Draumurinn endaði meðan á þessu basli stóð.

Halldór Gestsson, 12. okt. 1976.

II.

Auðsætt virðist mér á draumi þessum að hér hafi orðið samband við mann á öðrum hnetti, sem kann þá list að svífa í lofti. Verður slíkt ekki nema þar sem samstilling er mikil meðal íbúa þeirrar jarðar, en jafnframt er notið aðsendrar

orku frá lengra komnum lifendum annarsstaðar í geimi. Svo er að sjá á draumsögu Halldórs, að draumgjafi hans hafi verið foringi þeirra sem með honum voru, og notið mestrar magnanar, enda gat hann svifið fram og aftur yfir fljótið, þótt hinir gætu ekki og hefðu ekki þor til að reyna. Velliðan dreymandans bendir og til að draumsamband þetta hafi verið upp á við.

I. A.

Svif í lofti og endurminning draumgjafa

I.

Mér þótti ég sitja á rúmi í einhverskonar baðstofu ásamt þremur eða fjórum mönnum. Sat einn þeirra mér til hægri handar. Fannst mér að sá væri mér skyldastur að eðli og hugsunarhætti, en allir voru þessir menn eins og aftan úr grárri forneskju, eða úr öðrum tíma. Allir voru þeir klæddir í dökk, þykk vaðmálsföt. Mjög átti ég erfitt með að fylgjast með samræðum þeirra því að þær fóru fram í huganum. Gekk mér best að skilja þann sem sat mér á hægri hönd. Hann kvartaði yfir því að nokkurt bil yrði að vera á milli okkar vegna þess að ég væri í hvíttri skyrtu aðeins og engu utanyfir. Frá þessum manni fannst mér streyma kærleikur og góðvild meira en frá hinum. Fannst mér þó allir vera mér mjög vinveittir.

Skyndilega fannst mér að við allir værum komnir út á víðavang og hefur ná nýr maður slegist í hópinn, þótti mér það vera samkennari minn frá í vetur er Guðni heitir. Ég þykist nú ganga afsíðis frá hópnum í loftinu um það bil fimm metra fyrir ofan mennina og til baka aftur og eins og renna mér niður að baki hópnum. Þykist ég þá heyra að Guðni er að segja mönnum frá því að hann hefði lánað einhverjum fjármuni og sá ekki greitt. Ég þykist hugsa: Ekki getur hann verið að tala um mig, ég sem lánaði honum, sem þó er ekki samkvæmt raunveruleikanum, ekki nein slík viðskipti okkar á milli. Þá vaknaði ég og leit á klukkuna. Hún var fjögur að morgni.

Dreymt 15. ágúst 1986.

Ragnar Þorsteinsson, Akranesi.

II.

Vegna þess almenna skilnings á draumum, að þeir séu manns eigin reynsla, er vert að athuga þá vel, því í ljós kemur að svo er ekki. Fullgild virðist vera setningin: *"Draumur eins er ævinlega vökulíf annars"*.

Athugum t.d. framanskráðan draum Ragnars Þorsteinsonar. Í draumnum getur hann svifið. Það geta enn engir jarðarbúar. Í annan stað á hann í draumnum endurminningu slíka, sem hann á enga í vöku.

Allir draumar virðast stafa af sambandi okkar við einhvern, sem á stund draumsins er vakandi. Sá sér eitt og annað okkur framandi og hann starfar og hugsar á annan hátt en við höfum af að segja. Í draumi er sem við samsálumst öðrum manni, hans sýnir, hugsanir og tilfinningar verða okkar, og er þessi reynsla kemur inn í vökuvitund okkar, þá undrumst við eitt og annað það, sem okkur ber í drauma, enda stundum svo ólíkt öllu sem við þekkjum, að fyllilega má gera ráð fyrir að hér hafi þá verið um fjar-skynjanir að ræða frá öðrum hnetti. Draumar sýna okkur að samskynjunin við ókunna stjarnbúa er síður en svo óvenjuleg.

I. A.

Loftförin fögru og sérkennilegu (Draumur)

I.

Ég þóttist vera staddur úti á hæð nokkurri, þar sem sá yfir mjóan fjörð eða vík og glampaði á sjóinn eins og í sólskini, en ekki var sól í þá átt sem ég horfði. Á bak við þessa vík var mjög hátt fjall og bratt, til hægri handar. Litirnir í því voru bjartir og margbreyttir og skiptust á gulir og ljósbrúnir en einnig mátti sjá í því ljósbláar rákir eða flekki. Mjög fannst mér allt þetta landslag fagurt á að sjá.

Þarna var margt fólk nálægt mér og fannst mér eins og einhver eftirvænting lægi í loftinu, rétt eins og allir væntu þess að eitthvað sérstakt mundi gerast.

Ég hafði staðið þarna um stund og horft í þessa ákveðnu átt og virt fyrir mér það útsýni sem við blasti. Og nú kom skyndilega út undan fjallinu háa, farartæki nokkurt, allhátt í lofti. Það líktist mjög skipi, svona fljótt á litið, því upp úr því stóðu nokkrar stengur, sem minntu á siglutré og einnig voru ofan á því einhverjar ójöfnur eða yfirbygging. Það glampaði á þetta "skip" eins og af sólu, og litirnir voru eins og á gull sæi, ákaflega fagrir. Það fór allhratt niður á við til vinstri og svo rann það eftir sjávarfletinum og lenti upp í fjöru hinum megin vikurinnar. Það undraðist ég nokkuð hversu snögglega dró úr hraðanum er það var að lenda (og var þar um mikinn mun að ræða frá venjulegum flugvélum, sem lenda á flugvöllum hér á jörð, því þær eru allengi að stöðvast eftir að þær hafa snert jörð).

Mér þótti fólk fara út úr þessu "skipi", en ekki greindi ég það vel vegna fjarlægðar.

Mér fannst mikið koma til fegurðar þessa farartækis.

Og enn beið ég og aðrir þeir sem nálægt mér voru, eins og von væri á, að eitthvað fleira gerðist.

Að lítilli stundu liðinni birtast annað farartæki. Það kom út undan fjallinu háa í svipaðri hæð og hið fyrra og stefndi til vinstri niður að sjónum. Lögun þess var ekki ósvipuð fyrra loftfarinu að því leyti, að það var ekki ólíkt skipi, með siglutrjám og yfirbyggingu. En þetta "skip" var mjög miklu stærra en hið fyrra, í raun margfalt stærra á allan hátt. En litirnir voru ekki að öllu þeir sömu, þótt fagrir væru. Hér bar ekki mest á hinum gullna lit, heldur voru rauðfjólubláir litir hinir ráðandi, þótt aðra liti mætti einnig greina. Mjög þótti mér mikið koma til þessa stórfenglega farartækis. Eins og hið fyrra fór það allhratt niður á við og lenti á sjónum og dró afarfljótt úr hraðanum, uns það stöðvaðist á miðjum voginum beint fram undan mér. Þarna lá það um stund og ég eins og fann á mér að fjöldi fólks væri að búa sig undir að koma til lands, mín megin fjarðarins, og ættum við því

von á fagnaðarfundum við góða gesti.

Er hér var komið fór að draga úr skýrleika draumsins, og vaknaði ég upp frá þessu.

En fyrst eftir að ég kom til sjálfs mín, var eins og sterk eftirvænting og gleði í huga mínum.

II.

Þetta var fagur draumur og draumsýnirnar óvenjulegar, því ekki hef ég fyrr séð í draumi (eða vöku) loftfarartæki sem svo mjög líktust skipum. Ég hygg að draumgjafi minn og þeir aðrir sem hjá honum voru, hafi hér átt von á einhverjum óvenjulegum og e.t.v. mikilsverðum samfundum við aðkomugestina, sem voru að koma þangað í heimsókn úr einhverjum öðrum stað, um loftsins vegu. Og gleði draumgjafans og eftirvænting náði að berast inn í vökuvitund mína að draumlokum, svo að ég gat notið hennar um stund.

Oft má rekja drauma til ákveðinna stilliáhrifa. Og þá vil ég geta þess, að daginn áður en mig dreymdi þennan draum, kom til mín óvænt, góður vinur minn, (Þorbjörn Ásgeirsson) Nýalssinni að fornu og nýju, og áttum við saman ánægjulega stund eins og ávallt er við hittumst, en það er helst til sjaldan. Hann er einlægur maður, hlýr í viðmóti og vinsamlegur í allra garð. - Ef á annað borð má rekja þennan fagra draum minn til ákveðinna stilliáhrifa, - og ég hygg svo vera - þá tel ég að þar komi Þorbjörn helst við sögu.

Ég held að óhætt sé að gera ráð fyrir, að samneyti við góða vini og vel hugsandi leiði til heillaríkra sambanda við lengra komna lifendur á öðrum hnöttum, og að einmitt þau sambönd geri okkur lífið hér léttara og gleðiríkara en annars væri.

Ingvar Agnarsson
(Dreymt 7. feb. 1986.)

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Guðmundur Jónsson, bóndi á Kópsvatni og gjaldkeri Félags Nýalssinna um árabíl. (Lést 19. 01. '89)

(Guðmundur Jónsson):

Blessuð.

Félagi

Fundarmaður (O.M.): Velkominn.

Þakka.

Blessuð öll.

Ég held ég megi til að láta til mín heyra. Guðmundur á Kópsvatni talar.

Enn er ég eins og ungi, en þó rétt að byrja að vita af mér. En það er hægt að fullyrða, að mér líði í alla staði mjög vel. En ég styrkist óðfluga til líkama og sálar. Já, ég finn ég er ekki búinn að ná fullum kröftum en þetta er allt að koma. Þegar ég þreif á mínum líkama, þá er enginn munur á tilfinningu. Hann er fullkomlega af efni gerður, hold og blóð og bein. Það er ekki minnsti munur að þessu leyti, líkamleg tilfinning hin sama, tilfinningin fyrir því að vera líkamlegur. Ég bjóst nú raunar við, að svo hlyti að vera út frá mínum skilningi og Nýals á eðli framlífsins. Veit ég þetta með fullkominni vissu af eigin raun nú þegar af þeirri vitneskju, sem ég hefi aflað mér af eigin athugun hér.

En ég sé, ef ég lít í kringum mig, að ég er í herbergi einn. En dyr eru hér á þessu herbergi opnar og heyri ég raddir berast inn um dyrnar, mannamál og veit það er fólk þar. Þar sem ég er, veit ég það er mikil bygging. Mörg þúsund manns, flest nýflutt af jörðinni, hér. (Ef) að líkum lætur ekki til

langdvalar, heldur aðeins til skamman tíma aðeins, meðan þeir eru að ná sér eftir ástæðum hvers eins. En hver einn er hér, að ég hygg, ekki langan tíma og það finn ég á sjálfum mér, að ekki þurfi ég að vera hér lengi. Kraftar mínir fara vaxandi með hverri stundu. Ég hef verið meira og minna sofandi frá því ég fluttist hingað. Þeim svefni fylgir undursamleg líðan og kraftur. Það líður ekki langur tími þangað til ég fer að skyggast um utan veggja þessarar byggingar miklu, er ég dvelst í. Það er ekki nema rétt að ég hefi stigið í fætur.

Þú hafðir rétt fyrir þér, Þorsteinn (Guðjónsson). Maður hefur áhrif um alla heima og geima og tekur við áhrifum úr öllum áttum og þessi áhrif segja til sín ekki síst í draumnum svefni. Það tel ég ekki vafa undir orpið, að maður getur í draumi skynjað hnatta á milli með draumgjafans hjálp. Ég gæti sagt ykkur draumreynslu mína núna hér. (Þið) yrðuð mjög undrandi. Dýrðardraumar slíkir eru engu líkir. En þeir eiga sér upptök í meðvitund og skynjun guðlegrar veru, er ég hefi getað fullkomlega sannfærst um og er þessi vera, sem ég kalla guðlega, mér leiðtogi um leið á þroskabraut minni, er ég hefi best getað skynjað. Þar er greitt og gott samband milli nú í draumum mínum og þar mun ég í framtíðinni sækja mikinn mátt.

Ég ætla ekki að reyna að lýsa því frekar að þessu sinni. En ég held þið skiljið þetta án frekari orðlenginga. Mikil og góð tíðindi að því er mig varðar og ekki þarf að fjölyrða um þetta frekar. En hér kemur maður til mín allt í einu, mjög bjartur, íslenskur læknir mun hann vera. Hann segir, að ég þurfi nú ekki að vera hér nema stutt enn. Hann getur ekki séð nema að allt hafi tekist eins og best verður á kosið, endursköpun míns líkama í framlífi.

Fundarmaður (E.H.): Er það til, að það mistakist?

Get ekki mikið sagt um það, nema að þetta snýr að mér um mig. Vonandi hafa aðrir sögu að segja. Ég hygg, að svo muni vera á þessum stað, öllum sé hér hjálpað við að eignast fullkomlega sterkan og hraustan líkama, ef til vill einnig fegurri og glæsilegri og gjörvilegri. En þegar ég get athugað

þetta betur, get ég sagt ykkur frá því einnig.

En ég vil þakka innilega ykkar ómak að koma austur fyrir fjall. Það eru nú ekki allir, sem meta mann slíks. En ég veit fólk var þarna allmargt komið til að kveðja mig, eins og það er kallað, og var mér ekki illa við það, öðru nær. Gladdist yfir þeim samhug og góðhug, sem ég fann til mín streyma frá þessu ágæta fólki, skyldu og kunnugu mörgu. Þar voru mínir bræður hvað kærastir og sveitungar margir, sem ég met mikils og er ég þakklátur fyrir gamla og góða tryggð og góð kynni um áratugi og ekki gleymi ég þeim og ekki get ég annað sagt en ég sé mjög þakklátur ykkur og þykir sem ég hafi haft af því ávinning, en ekki að neinu leyti skaða, og er þá vel. Maður er þakklátur alla tíð að eiga trausta vini og félagi. En þegar ég hugsa til gamla hnattarins, sakna ég ekki neins í sjálfu sér. Ég hugsa bara gott til framtíðarinnar, þykist bara vita, að hér bíði mín ný tækifæri og nýir möguleikar til að auka mér þekkingu og skilning á heimi og lífi.

Ég hef hinsvegar oft reynt að hugsa eitthvað um eðli hlutanna og tilgang. En ég var nú aldrei neinn afreksmaður nema einhverjir kunni að telja, að ég hafi haft einhverja hæfileika til rannsókna, þá held ég það hafi ekki verið alveg fjarstæða, þó svo hafi verið. En hver einn er nú að einhverju leyti öðrum frábrugðinn og að einhverju leyti ef til (vill) fær um að gera sjálfstæðar athuganir, ef hann hefur tilhneigingu í þá átt á því, sem í kring um hann er og fyrir hann ber. Það held ég ekki hafi ég verið gjörsneyddur slíkri tilhneigingu og slíkri athugunargáfu. En ég ætla ekki að ræða um það að sinni meira og þakka innilega.

Verið blessuð.

Fundarmaður (O.M.): Þú lætur heyra í þér síðar?

Áreiðanlega.

30. 01. 1989

Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku)

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ari fróði.

Ari fróði.

Sælir og blessaðir.

Forn-Íslendingar, bjartir og fríðir á háu fjalli samankomnir í birtu mikilli. Þaðan er hugsunum beint til Íslands úr fjarlægju sólhverfi. Er það sólhverfi lífmagnað. Goðum líkir menn og vel máli farnir og drengilegir í hugsun. Er það mikill sannleikur, að lífið geislar áhrifum stjarnanna á milli og það skapar sér farveg (frá) biljónum hnatta og enn fleirum. Hið furðulega fjarsamband lífsins (sem hér) er um að ræða er undirstöðulögmál og það er þetta samband, (sem) trúarbrögðin eru sprottin af og önnur svokölluð dulræn reynsla margvísleg, þó menn hafi ekki gert sér það ljóst. En vísindin þau munu geta varpað ljósi á þessa hluti og fært mönnum heim sanninn um staðreyndir þær, er blasa nú við, þegar að er gáð, hverjum hugsandi manni.

Undirstöðusannleikur er það, (að) lífið er það hraðfleygt, (að) það leggur alheiminn undir sig á augabragði, geislun þess. Það er staðreynd, sem nú er uppgötvuð af Íslendingi á ykkar jörð.

Nú veit ég með fullkominni vissu til ótal hnatta byggðra og hvernig þar hagar til um lífskilyrði, þróun lífs og sögu og veit skil á atburðarásum milli mannkynja á ýmsu þroskastigi og get dæmt af talsverðu viti um atburðarásir ýmsar þær, er að mörgu leyti eru skyldar og tengdar hver annarri. En til að tala um þetta nánar eru ekki tók ennþá né skilyrði. En ég vil vona, (að) það komi síðar, að þess verði kostur. En margt merkilegt má hugsanlega verða hægt og benda á til aukins skilnings á þróun og sögu lífsins í alheimi.

Þakka nú fyrir og verið sælir.

02. 12. 1985

Gunnar Hjörvar (skrifað eftir segulbandsupptöku.)

Bækur og tímarit

til sölu hjá Félagi Nýalssinna, Álfrólsvogi 121, Kópavogi

NÝALL, eftir dr. Helga Pjeturss. Útgáfan 1955. Nokkrar 6 binda heildir eftir. 1917 bls. Skinnb. Verð kr. 14.000

TIL ÞÍN, ljóðabók eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum, útg. 1956. 136 s. Verð kr. 700

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson. útg. 1975. 82 bls. Kilja. Verð kr. 400

LAUSN GÁTUNNAR, eftir Þorstein Jónsson, útg. 1984. 157 bls. Skinnband. Verð kr. 1100

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson, útg. 1974, 68 bls. Kilja. Verð kr. 400

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI, vitranasaga eftir K.O. Schmidt. Þ.G. þýddi, útg. '78, 96 s. Kilja, verð kr. 400

MÁLÞING ÍSLENDINGA, ritgerðir (208 bls.) eftir 34 Íslendinga. Valið og ritstýrt af Þorsteini Guðjónssyni. Kilja, verð kr. 600. Skinnband: Verð kr. 1100

ÞINGVELLIR OG GOÐAVELDIÐ, eftir Þorstein Guðjónss. útg. 1975. Kilja. Verð kr. 400

”AF TÍMARITINU MANNLÍF OG DR. HELGI PJETURSS”, eftir Ragnar Gunnarsson stud. med. Bæklingur, 8 bls. verð kr. 100

ÍSLENDINGABYGGÐ Á ÖÐRUM HNETTI, eftir Guðmund Davíðsson á Hraunum

Tímarit:

LÍFGEISLAR, tímarit, útgefið 1975-1985. Ritstjóri Ingvar Agnarsson. Alls 55 hefti, hvert 36 bls.

ÍSLENSK STEFNA, tímarit, útgefið 1951-1962. Ýmsir ritstjórar. Alls 6 hefti.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA, kom út frá 1953-1985, nokkuð samfelld. Alls 64 hefti. Ýmsir ritstjórar.

MÍÐGARÐUR, tímarit, 1974, alls 2 hefti, hvort 42 bls. Ritstjóri Kjartan Norðdahl.

Bækur á ensku máli:

ASTROBIOLOGY, The Science of the Universe, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1976, 204 bls. Verð kr. 700

DREAMS ARE THE KEY TO THE COSMOS, eftir Þorstein Guðjónsson, útg. 1982, 176 bls. Verð kr. 700

THINGVELLIR, The Parliament Plains of Iceland, eftir Þ.G. 96 bls. Kilja, útg. 1985, verð kr. 300

Tímarit á ensku máli:

HUGINN & MUNINN. Ritstjórar, Þorsteinn Guðjónsson, Steingerður Þorsteinsdóttir og Jeffrey Redmond, Michigan, Bandaríkjunum. Aðalefni: fornfræði norræn og Ásatrú, oft með ívafi úr íslenskri heimspeki. Árgjald (4-5 blöð) kr. 300

Félag Nýalssinna hefur haldið uppi starfsemi sinni óslitið frá því að samtök um það hófust árið 1948 og formlega var gengið frá stofnun þess 1950-51. Það fluttist í núverandi aðsetur sitt haustið 1969. Skyld félög og útgáfuhópar:

Félag áhugamanna um stjörnufræði. Veghúsastíg 7, Rvk. Heldur uppi reglubundinni starfsemi.

Bókaútgáfan Urð. Fossvogsbletti 13, Rvk. Margar af eldri ritgerðum dr. Helga Pjeturss endurprentaðar þar. Ennfremur rit eftir Þorstein Þorsteinsson lífefnafræðing og Elsu Vilmundardóttur, jarðfræðing: *Þættir um heimsfræði dr. Helga Pjeturss — Skrá um ritverk dr. Helga Pjeturss*, eftir Samúel D. Jónsson og Elsu Vilmundardóttur.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd Félags Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Mars, séður frá ytra tungli hans. I. A. (Sjá forsiðumynd)	bls.	2
Fylgt úr hlaði. I. A.	"	3
Brúin yfir dauðans djúp. Helgi Pjeturss	"	6
Tunglgígar (með mynd). I. A.	"	8
Látnir Nýalssinnar:	"	9
Eggert Loftsson, (Þorsteinn Guðjónsson)	"	9
Guðmundur Jónsson, Kópavatni Ingv. Agnarss	"	11
Guðmundur Jónsson, Kópavatni Þorsteinn Guðjónsson	"	12
Ókunnur stjörnuhiminn (með mynd) I. A.	"	14
Um miðilsástand og miðilsfundi Þorsteinn Guðjónsson	"	15
Þrístirnið í Krabbamerki (með mynd) I. A.	"	18
Næturhiminn í kúlulaga stjörnuþyrpingu (með mynd) I. A.	"	19
Horft til stjarna (mynd)	"	21

LJÓÐ:

Þú mikli guð. Þorsteinn Guðjónsson	bls.	22
Stjarnan. Einar Benediktsson	"	23
Sigur og ósigur. Steingrímur Baldvinsson	"	24

DRAUMAR:

Svif yfir fljóti. Halldór Gíslason	bls.	25
Svif í lofti og endurminning draumgjafa. Ragnar Þorsteinsson	"	26
Loftförin fögru og sérkennilegu. I. A.	"	27

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði	bls.	30
Guðmundur Jónsson, Kópavatni. — Ari fróði		
BÆKUR OG TÍMARIT hjá Félagi Nýalssinna	bls.	34

Myr:

Spekiorð doktors Helga	bls.	13
----------------------------------	------	----